

Til bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar,

Á vegum Kiwanisklúbbsins Hraunborgar hér í bæ er nú markvisst unnið að undirbúningi taflmóts skáksveita úr 5-7 bekkjum grunnskóla Hafnarfjarðar í samráði og samstarfi við stjórnendur þeirra og stefnt að því að halda mótið í Hvaleyrarskóla miðvikudaginn 22. mars n.k. Við það er miðað að hver skóli skipi eina 6 manna sveit auk liðstjóra, úr kennaraliði eða tómstundaleiðtoga. Ef allir grunnskólarnir skipa skáksveit á mótinu verður teflt á 16 borðum, 4 taflmenn úr hverjum skóla sitja þá að tafl í hverri umferð sem verða 7. Hraunborg mun eftir mótið færa skólunum töflin að gjöf, sem teflt verður með á mótinu, tvö töfl hverjum skóla með taflmönnum, taflborði og skákklukku og með því hvetja til þess að skákiðkun og taflmennska fái góðan sess innan skólastarfsins.

Vel verður vandað til mótsins, keppt um farandbikar og þrjár efstu skáksveitirnar sæmdar gull-, silfur- og bronslituðum verðlaunpeningum. Allir skákmennirnir sem tefla á mótinu munu fá áritað viðurkenningar- og þakkarskjal, auk þess sem sælgætisgerðin Góa mun færa þeim glaðning. Grunnskólaskákmótið verður að sjálfsögðu opið öllum sem hug hafa á að fylgjast með því, fylgdarmönnum skákmannanna og öðrum áhorfendum.

Stjórn Hraunborgar telur þetta verkefni vera í góðu samræmi við einkunnarorð Kiwanishreyfingarinnar: **Börnin fyrst og fremst**. Sé börnum og ungmönnum kennt að tefla eftir settum reglum skili það sér til heilla fyrir uppeldi þeirra, mótun og menntun, eflir félagsþroska þeirra og rökhugsun og kenni þeim að taka ábyrgð á gerðum sínum og virða tímamörk.

Helgi Ólafsson, einn virtasti stórmeistari Íslendinga í skák og skákkennari, hefur boðist til að vera mótsstjóri og skákdómari mótsins.

Steinar Stephensen, skákkennari í Hvaleyrarskóla, mun sjá um tölvuuppsetningu- og upplýsingar á skákmótinu.

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri hér í Hafnarfirði ætlar að vera svo elskuleg að leika upphafsleiknum í grunnskólamótinu, sem þar með mun hefjast.

Við Steinar, sem hefur verið mér og öðrum Hraunborgarfélögum til liðsinnis við undirbúning mótsins, áttum nýverið fund með Rósu í Ráðhúsi Hafnarfjarðar til að biðja hana um að heiðra það með nærveru sinni og leika upphafsleiknum. Við ræddum m.a. um hve skákiðkun og skákkennsla væru gagnleg og gefandi fyrir lífsgleði og þroska barna og ungmenna og að ánægulegt væri að endurnýja og efla skáklíf hér í bæ, sem fyrrum var blómlegt. Við sögðum Rósu, að ef vel tækist til með fyrirhugað grunnskólamót, þar sem skáksveitir 5-7 bekkja tefldu, vildi stjórn Kiwanisklúbbsins gjarnan, að hann stæði að áþekku skákmóti á komanda vori fyrir skáksveitir úr 8-10 bekkjum grunnskólanna í bænum. Rósa greindi okkur þá frá því, að vel gæti verið, að Íslandsmótið í skák 2023 yrði haldið í Hafnarfirði eftir miðjan komanda maímánuð, og vorum við sammála um að grunnskólaskákmót í bænum yrði góður upptaktur að þeim viðburði, sem væri tilhlökkunarefni.

Pegar við Steinar leituðumst eftir því við Rósu að fá borðfána með auðkenni Hafnarfjarðar, vitanum, til að hafa á hliðarborði á áformuðu grunnskólamóti í Hvaleyrarskóla ásamt auðkennisfána Hraunborgar, benti hún okkur á, að með því væri „bærinn“ að tengjast mótinu og þyrfti að fá samþykki fyrir því í bæjarráði Hafnarfjarðar. Hér með förum við því fram á það í nafni Hraunborgar, að ráðið veiti heimild til þessa. Við teljum enda vel hæfa að bæjarfélagið tengist mótinu með þessum hætti, auk þess sem bæjarstjóri hefji það með upphafsleiknum. Með því verði augljóst, að bæjarfélagið styðji viðleitni Hraunborgar til að glæða skáklíf í grunnskólum og efla það í Hafnarfirði. - Kiwanisklúbburinn mun bera kostnaðinn við mótshaldið, en vel gæti farið á því að bæjarfélagið létti undir með honum með t.d 25.000 - 30. 000 kr. framlagi, sem færi til greiðslu veitinga fyrir bæði skákmenn og aðra viðstadda á grunnskólamótinu. Verði svo af því, að Hraunborg standi að skákmóti elstu bekkja grunnskólanna í bænum í vor, sem horfur eru á, væri gott til þess að vita að slíkur fjárstyrkur veittist þá einnig. Til samans yrði styrktarféð fyrir bæði grunnskólamótin því 50.000-60.000 kr. ...

Með þetta allt í huga leyfi ég mér í nafni Kiwanisklúbbsins Hraunborgar að óska eftir því, að bæjarráð veiti honum þennan fjárstuðning til að standa að skákmóti/mótum grunnskóla Hafnarfjarðar, sem vottaði mikilvæga samstöðu til góðra og uppbyggilegra verka hér í fögrum Hafnarfirði.

Gott hljótist af til heilla.

Blessunaróskir til gagns og gleði og góðra og farsælla verka fyrir Hafnarfjörð, mannlíf hans og menningu.

Fyrir hönd Kiwanisklúbbsins Hraunborgar,

Gunnþór P. Ingason

Sími: 862-5877